



## Stjórn SSH 485. fundur

Föstudaginn 13. mars 2020, kl. 09:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Málafni kjarasamninga

Gestir fundarins Inga Rún Ólafsdóttir og Karl Björnsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga fara yfir málefni kjarasamninga.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn mun áfram fylgjast með gangi mála eftir því sem við á.

Fundi stjórnar frestað til 13:00 en fréttu er að vænta af frekari viðbrögðum stjórnvalda við Covid-19 veirufaraldinum og blaðamannafundur boðaður kl. 11:00. Framkvæmdastjóra falið að boða skólamálanefndarfund kl. 11:15.

### 2. Málafni og viðbrögð við COVID-19 veirufaraldinum.

Fundur hófst aftur kl. 13. Nú hefur samkomubanni var lýst yfir frá og með n.k. mánudegi. Farið yfir áhrif samkomubanns á skólastarf sem og aðra grunnþjónustu sveitarfélaganna. Hlé gert á fundi sem hófst aftur kl. 14. Þá verður fundað frekar í dag á vettvangi skólamálanefndar og skólastjórnenda kl.16.

#### Niðurstaða fundar:

Framkvæmdastjóra falið að koma eftirfarandi tilkynningu á sveitarfélög og fjölmiðla.

*Varðar: Tilkynning frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er varðar starfsemi grunn- og leikskóla.*

*Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum í dag hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að virkja heimildir sóttvarnalaga sem felur m.a. í sér að skólalald verður takmarkað tímabundið. Nánari útfærslur verða unnar samkvæmt tilmælum stjórnvalda.*

*Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu vinna nú að skipulagningu skólastarfs m.v. ofangreindar ákvarðanir. Þegar hefur verið ákveðið að mánudaginn 16. mars verði starfsdagur í grunn- og leikskólum á höfuðborgarsvæðinu til þess að stjórnendur og starfsmenn grunn- og leikskóla geti skipulagt skólastarfið sem best á þessu tímabili sem takmörkunin nær til.*



*Foreldrar leik- og grunnskólabarna eru beðnir um að fylgjast vel með upplýsingum sem birtast munu um helgina og á mánudaginn m.a. á heimasíðum sveitarfélagnan og heimasíðum grunn- og leikskóla. Þá eru í undirbúningi sameiginlegar leiðbeiningar sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um frístundaheimili, íþróttastarf, íþróttamannvirki, skólahljómsveitir og aðrar tómstundir barna.*

Fleira ekki gert og lauk fundi kl:14:30.